

Eru lækna læknum verstir?

FAL heldur málþing á Læknadögum helgað læknum



**Guðrún Ása
Björnsdóttir**
læknir



**Agnar H.
Andrésson**
læknir

agnar.h.andresson@gmail.com

Hlutverk lækna er margþætt og starfið sérstakt. Störf lækna hafa lengi verið óþrjótandi innblástur frásagnarlista og kvikmynda enda af mörgu að taka. Læknirinn hefur oft verið baðaður dýrðarljóma og rómantik enda er honum ekkert mannlegt óviðkomandi í krefjandi og spennandi starfsumhverfi sínu. En starfið hefur líka dökkan hliðar. Það hefur breyst mikið á undanförunum áratugum. Tækniframfarir og vaxandi einstaklingsfrelsi í markaðshagkerfi Vesturlanda leggur miklar

byrðar á herðar lækna. Hann þarf að sýna stjórnunarhæfileika, kennslugetu, hafa viðskiptavit, sinna skipulagi auk þess að vera jafnvígur á vísindastörf, siðfræði og lögfræði. Og já, hann þarf auðvitað að geta sinnt grunnstöðum læknastarfsins og læknað sjúklinga.

Læknirinn er ekki lengur almanna-eign sem helgar líf sitt á altrúiskan hátt læknastarfinu og biður ekki neins í staðinn. Læknirinn er mannlegur. Jafnvægi á milli þess faglega og fjárhagslega – þess kerfislæga og skapandi er ekki auðsött og getur verið aflvaki streitu og kulnunar í starfi. Þá eru til enn dekkri hliðar starfsins sem lítið er talað um þó mikil þörf sé á. Þunglyndi, heilsuleysi, misrétti, misnotkun vímuefna og sjálfsvíg. Læknar eiga það til að einangrast og leita sér ekki hjálpar. Óraunhæfar kröfur, samkeppni, dómharka og sjálfsásökun eru því miður lýsandi orð fyrir mörgum í læknastéttinni og mætti því spyrja þessarar spurningar:

Á þessu stórafmælisári Læknafélags Íslands mun FAL halda málþing sem er helgað læknum. Farið verður yfir sögu læknisfræðinnar. Hvernig læknastarfið

hefur þróast og breyst og til hvers samfélagsið ætlast af læknum. Skyldur, fórnir, gleði, sorgir og framtíðaráskoranir. Tekið verður á erfiðu málunum. Kulnun, fíkn, úrræðaleysi og þöggun. Rætt verður sérstaklega um það vandasama jafnvægi milli þess að vera læknir, sjúklingur, aðstandandi og meðferðaraðili þegar veikindi eða vandamál bera að garði. Enginn verður þó skilinn eftir í lausu lofti og verður einnig leitað að jafnvægi, úrræðum og hamingjunni sjálfri. Að lokum verða pallborðsumræður þar sem ráðstefnugestum gefst færi á að taka þátt í umræðunni og leita lausna.

Hvetjum við lækna til að fjölmenna á málþingið sem haldið er fyrsta dag læknadaga, mánudaginn 15. janúar kl. 9. Það er mikilvægt að lækna hjálpi að og styðji hvern annan þegar á móti blæs og gleðjist saman þegar að vel gengur. Fjölmennum á atburði Læknafélags Íslands á afmælisárinu og fögnum læknahlutverkinu. Lítum til baka, lærum af reynslunni en horfum síðan fram á veginn og höldum ótrauð áfram að gera það sem við gerum best, að lækna og hafa gaman af því.

Einar Stefánsson heiðraður fyrir augnrannsóknir

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir á augndeild Landspítala, tók á dögnum við Peter Watson verðlaunum sem veitt fyrir framúrskarandi vísindaframlag á sviði rannsókna í augnlækningum. Einar tók við verðlaununum í Cambridge en margir af fremstu vísindamönnum heims á sviði augnlækninga hafa hlotið þessi verðlaun.

Einar er einnig í hópi afkastamestu frumkvöðla Háskóla Íslands og hefur drjúgan part starfsævinnar unnið að rannsóknum á lífeðlisfræði augna og augnsjúkdóma og er mjög kunnur á alþjóðavettvangi fyrir þau störf sín. Hann er meðhöfundur að ríflega 200 greinum í ritryndum vísindatímaritum og höfundur



um 400 ritverka og útdráttu um augnlækningafræði.

Viðburðurinn þar sem verðlaunin voru afhent kallast The Cambridge Ophthalmological Symposium og hefur hann verið haldinn árlega í röska hálföld. Á hverju ári er þeim vísindamanni sem skarar hvað helst fram úr á sviði augnrannsókna boðið að stjórna viðburðinum og flytja erindi um eigin rannsóknir. Einar Stefánsson var fundarstjóri að þessu sinni og flutti hann erindi um súrefnisbúskap sjónhimnu og glerhlaups augans og hvernig hann hefur áhrif á sjúkdóma og meðferð þeirra.

Hið virta breska vísindatímarit EYE mun gefa út sérstakt hefti eftir áramótin sem verður helgað ráðstefnunni í Cambridge og mun Einar skrifa ritstjórnargrein auk vísindagreinar í blaðið.